

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/2002****2021/EES/23/18**

frá 7. desember 2020

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar tilkynningu og skýrslugjöf í Sambandinu um skráða sjúkdóma, um snið og málsmeðferðarreglur varðandi framlagningu og skýrslugjöf um áætlanir Sambandsins um eftirlit með sjúkdómum og um útrýmingaráætlanir og um umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu og um tölvuvædda upplýsingakerfið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum 23. gr., 30. gr. (b-liður 1. mgr.), 35. gr. og 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um dýrasjúkdóma sem geta smitast yfir í dýr eða menn, þ.m.t. ákvæði um tilkynningar og skýrslugjöf um sjúkdóma, eftirlitsáætlanir Sambandsins, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 ⁽²⁾ bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 og í henni er mælt fyrir um reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu með tilliti til tiltekinnna skráðra og nýtilkominnna sjúkdóma. Í þessari reglugerð ætti að setja fram upplýsingar, snið og kröfur um málsmeðferð varðandi eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu.
- 3) Skráðir sjúkdómar, eins og þeir eru skilgreindir í 18. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, eru skráðir í samræmi við 1. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar. Vegna mismunandi sjúkdómssniðs þeirra ættu uppkomur tiltekinnna skráðra sjúkdóma að falla undir tafarlausu tilkynningu í Sambandinu en uppkoma hinna ætti að falla undir skýrslugjöf í Sambandinu.
- 4) Að teknu tilliti til sjúkdómssniðs og heilbrigðisástands í tilteknu aðildarríki, svæði eða hólfi ætti að gera kröfu um tafarlausu tilkynningu í Sambandinu til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna um uppkomu tiltekinnna skráðra sjúkdóma til að gera það kleift að innleiða tímanlega nauðsynlegar ráðstafanir til áhættustjórnunar. Í þessari reglugerð ætti að setja fram nákvæma skrá yfir þá skráðu sjúkdóma sem nauðsynlegt er að senda tafarlausu tilkynningu um í Sambandinu sem og tímarammann fyrir slíka tafarlausu tilkynningu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 412, 8.12.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu með tilliti til tiltekinnna skráðra og nýtilkominnna sjúkdóma (Stjútíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

- 5) Dýraheilbrigðisábyrgðir gilda um sjúkdómalaus aðildarríki, svæði og hólf með tilliti til skráðu sjúkdómanna sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429. Þar eð skýrslugjöf um eftirlit, sem innt er af hendi til að viðhalda sjúkdómalausri stöðu, er ekki skyldubundin er sú skylda að tilkynna um frumuppkomur þessara sjúkdóma innan sólarhrings frá staðfestingu réttlætlanleg.
- 6) Ef um er að ræða síðari uppkomur skráðra sjúkdóma sem falla undir tilkynningu er við hæfi að nota samansafnaðar vikulegar tilkynningar, sem hefð er fyrir, að teknu tilliti til sjúkdómssniðsins og með hliðsjón af heilbrigðisástandi aðildarríkis, svæðis eða hólf.
- 7) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 ⁽³⁾ er ákvarðað hvernig reglur um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum eigi að gilda um flokka skráðra sjúkdóma fyrir skráðar dýrategundir eða hópa skráðra dýrategunda. Að því er varðar skyldu aðildarríkja samkvæmt þeirri reglugerð að því er varðar skýrslugjöf í Sambandinu þegar sjúkdómar í E-flokki greinast fyrir viðkomandi skráðar dýrategundir eða hópa skráðra dýrategunda ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um kröfur um málsmeðferð og upplýsingar í tengslum við slíka skýrslugjöf.
- 8) Til að tryggja samræmd skilyrði við að koma tilkynningu og skýrslugjöf í Sambandinu til framkvæmda ætti að mæla fyrir um reglur til að fastsetja hvaða upplýsingar á að veita, reglur til að fastsetja nauðsynlegar málsmeðferðarreglur, snið, gögn og reglur um skráningu tilkynningar- og skýrslugjafarsvæða.
- 9) Að því er varðar upplýsingar sem á að miðla þegar tilkynning í Sambandinu er send, eins og mælt er fyrir um í 19. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, ætti að skýra nánar tilteknar kröfur um upplýsingar til að tryggja samræmda beitingu á þessu ákvæði og greiða fyrir gagnaskráningu í tölvuvædda upplýsingakerfið sem um getur í 22. gr. þeirrar reglugerðar (upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma (ADIS)).
- 10) Að því er varðar skýrslugjöf í Sambandinu varðandi skráða sjúkdóma, í samræmi við 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, ætti að tilgreina í þessari reglugerð hvaða upplýsingar á að veita um greiningu skráðra sjúkdóma og um útrýmingaráætlanir.
- 11) Í 21. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er þess krafist að aðildarríki ákvarði tilkynningar- og skýrslugjafarsvæði. Til að tryggja gagnsæi við tilkynningu og skýrslugjöf í Sambandinu ætti að tilgreina í þessari reglugerð tegundir tilkynningar- og skýrslugjafarsvæða.
- 12) Enn fremur þykir rétt að fastsetja samræmda verkferla og snið til að tryggja samræmda skýrslugjöf um niðurstöður úr eftirlitsáætlunum Sambandsins og útrýmingaráætlunum í upplýsingakerfinu um dýrasjúkdóma.
- 13) Upplýsingar sem lagðar eru fram um niðurstöður um framkvæmd útrýmingaráætlana ættu að vera tiltækar í upplýsingakerfinu um dýrasjúkdóma til að gera framkvæmdastjórninni kleift að vakta framfarir aðildarríkja m.t.t. yfirstandandi útrýmingaráætlana. Við slíkar upplýsingar ætti að bæta viðbótarupplýsingum í þeim tilgangi að hljóta sjúkdómalausna stöðu þegar útrýming hefur náðst.
- 14) Að því er varðar skráða sjúkdóma, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, gæti heilbrigðisástandið innan yfirráðasvæðis aðildarríkis verið mismunandi milli hluta yfirráðasvæðisins sem er viðurkenndur sem sjúkdómalaus og annarra hluta yfirráðasvæðisins sem eru með eða án samþykkrar útrýmingaráætlunar fyrir sama sjúkdóm. Upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma ætti að auðvelda samantekt gagna og, ef við á, samþættingu við viðbótagögn varðandi heildarfjölda uppkoma og skráðar dýrategundir eða hópa skráðra dýrategunda sem verða fyrir áhrifum.
- 15) Í 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er þess krafist að aðildarríki leggi eftirlitsáætlanir Sambandsins fyrir framkvæmdastjórnina. Í 31. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er þess krafist að aðildarríki leggi fram skyldubundnar og valkvæðar útrýmingaráætlanir gagnvart skráðum sjúkdómum sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar. Til að tryggja samræmda beitingu þessara ákvæða ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um sameiginlegt snið og verklag varðandi þessa framlagningu.
- 16) Aðildarríki ættu að leggja umsókn um samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu með tilliti til sjúkdóma í B-flokki og sjúkdóma í C-flokki fyrir framkvæmdastjórnina. Til að tryggja samræmda framlagningu aðildarríkja á þessum umsóknum þykir rétt að tilgreina upplýsingar, snið og aðferð við gagnaflutning sem krafist er fyrir þessar umsóknir.

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).

- 17) Þar eð reglugerð (ESB) 2016/429 gildir frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu
- 18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um:

- 1) sjúkdóma í E-flokki sem skipta máli varðandi tilkynningu í Sambandinu um uppkomur og þær upplýsingar sem aðildarríki eiga að veita fyrir tilkynningar og skýrslugjöf í Sambandinu að því er varðar greiningu á sjúkdómum í E-flokki,
- 2) fresti og tíðni tilkynninga og skýrslugjafar um sjúkdóma í Sambandinu,
- 3) snið og verklag varðandi skýrslugjöf til framkvæmdastjórnarinnar um niðurstöður úr eftirlitsáætlunum Sambandsins og upplýsingar, snið og verklag varðandi skýrslugjöf til framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja um niðurstöður úr útrýmingaráætlunum,
- 4) snið og uppbyggingu gagnanna, sem um getur í 1. og 3. lið, sem færa skal í tölvuvædda upplýsingakerfið fyrir tilkynningar og skýrslugjöf um sjúkdóma í Sambandinu,
- 5) skráningu tilkynningar- og skýrslugjafasvæða,
- 6) snið og verklag varðandi framlagningu upplýsinga um eftirlitsáætlanir Sambandsins til framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja,
- 7) upplýsingar, snið og kröfur um málsmeðferð að því er varðar framlagningu á drögum að skyldubundnum útrýmingaráætlunum og drögum að valkvæðum útrýmingaráætlunum fyrir framkvæmdastjórnina til samþykkis og að því er varðar frammistöðuvísu, sem eru nauðsynlegir til að meta árangurinn af beitingu þessara áætlana, sem og snið og verklagsreglur fyrir umsóknir um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu alls yfirráðasvæðis aðildarríkja eða svæða og hólf þeirra og fyrir skipti á upplýsingum milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar um sjúkdómalaus aðildarríki eða svæði og hólf þeirra,
- 8) verklagsreglur fyrir uppsetningu og notkun upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „sjúkdómur í B-flokki“: skráður sjúkdómur sem verjast þarf í öllum aðildarríkjunum í þeim tilgangi að útrýma honum í öllu Sambandinu, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
- 2) „sjúkdómur í C-flokki“: skráður sjúkdómur sem skiptir máli í sumum aðildarríkjunum og kallar á ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hann breiðist út til þeirra hluta Sambandsins sem eru opinberlega lausir við sjúkdóma eða hafa komið á útrýmingaráætlunum gagnvart skráða sjúkdómnum sem um er að ræða, eins og um getur í c-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
- 3) „sjúkdómur í E-flokki“: skráður sjúkdómur sem kallar á eftirlit innan Sambandsins, eins og um getur í e-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
- 4) „frumuppkoma“: uppkoma sjúkdóms sem er ekki faraldsfræðilega tengd fyrri uppkomu sjúkdóms á sama tilkynningar- og skýrslugjafasvæði aðildarríkis eða fyrsta uppkoma sjúkdóms á öðru tilkynningar- og skýrslugjafasvæði sama aðildarríkis,
- 5) „síðari uppkoma“: uppkoma sjúkdóms, önnur en frumuppkoma,
- 6) „upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma (ADIS)“: tölvuvætt upplýsingakerfi fyrir tilkynningar og skýrslugjöf um sjúkdóma í Sambandinu sem um getur í 22. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, sem framkvæmdastjórnin á að setja upp og stjórna,

- 7) „gildissvæði“: yfirráðasvæði sem fellur undir útrýmingaráætlun í samræmi við 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 að því er varðar landdýr og í samræmi við 47. gr. þeirrar framseldu reglugerðar að því er varðar lagardýr,
- 8) „tímalengd útrýmingaráætlunar“: beitingartímabil útrýmingaráætlunar í samræmi við 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 að því er varðar landdýr og í samræmi við 49. gr. þeirrar framseldu reglugerðar að því er varðar lagardýr.

3. gr.

Tilkynning í Sambandinu

1. Innan sólarhrings frá staðfestingu skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um allar frumuppkomur skráðs sjúkdóms, á yfirráðasvæði þeirra, sem um getur í:

- a) ákvæðum 1. og 2. liðar I. viðauka,
- b) ákvæðum 3. liðar I. viðauka ef frumuppkoman hefur greinst í viðkomandi markdýrastofni í sjúkdómalausum aðildarríki eða svæði,
- c) ákvæðum 4. og 5. liðar I. viðauka ef frumuppkoman hefur greinst í sjúkdómalausum aðildarríki, svæði eða, ef við á, hólfi.

2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar síðari uppkomur skráðs sjúkdóms á yfirráðasvæði þeirra, eigi síðar en á fyrsta virka degi í hverri viku varðandi tímabilið sem nær yfir næstliðna viku frá 0.00 á mánudegi til 24.00 á sunnudegi, sem um getur í:

- a) ákvæðum 1. og 2. liðar I. viðauka,
- b) ákvæðum 3. liðar I. viðauka ef slíkar síðari uppkomur hafa greinst í viðkomandi markdýrastofni í sjúkdómalausum aðildarríki eða svæði,
- c) ákvæðum 4. og 5. liðar I. viðauka ef slíkar síðari uppkomur hafa greinst í sjúkdómalausum aðildarríki, svæði eða, ef við á, hólfi.

Ef framkvæmdastjórninni berast engar upplýsingar er litið svo á að engar síðari uppkomur hafi verið staðfestar á tímabilinu sem um getur í fyrstu undirgrein.

3. Tilkynningarnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu innihalda upplýsingarnar sem eru tilgreindar í II. viðauka og þær skulu sendar rafrænt gegnum upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma.

4. gr.

Skýrslugjöf í Sambandinu um greiningu skráðra sjúkdóma

1. Aðildarríki skulu gefa framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum skýrslu um næstliðið almanaksár, eigi síðar en 30. apríl á hverju ári, um greinda sjúkdóma í E-flokki, sem voru staðfestir á yfirráðasvæði þeirra, í skráðum dýrategundum og hópum skráðra dýrategunda sem um getur í töflunni í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882.

2. Fyrstu skýrslunni, sem um getur í 1. lið, skal skilað eigi síðar en 30. apríl 2022.

3. Skýrslugjöfin, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda upplýsingarnar sem eru tilgreindar í III. viðauka og þær skulu sendar rafrænt gegnum upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma.

5. gr.

Tilkynningar- og skýrslugjafarsvæði

Tilkynningar- og skýrslugjafarsvæðin, sem aðildarríki komu á fót í samræmi við 21. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, eru tilgreind í IV. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Skýrslugjöf í Sambandinu um niðurstöður úr eftirlitsáætlunum Sambandsins

1. Aðildarríki skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um næstliðið almanaksár, eigi síðar en 15. mars á hverju ári, með gögnum um niðurstöður úr eftirlitsáætlunum Sambandsins.
2. Gögnin, sem um getur í 1. mgr., skulu send rafrænt gegnum upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma.

7. gr.

Skýrslugjöf í Sambandinu um árlegar niðurstöður úr framkvæmd samþykktra útrýmingaráætlana

1. Eigi síðar en 30. apríl á hverju ári skulu aðildarríki leggja skýrslur fyrir framkvæmdastjórnina um niðurstöður úr framkvæmd yfirstandandi samþykktra útrýmingaráætlana sinna.
2. Skýrslurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu innihalda:
 - a) á hverju ári, varðandi næstliðið almanaksár, upplýsingarnar sem eru tilgreindar í:
 - i. ákvæðum 1. þáttar V. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í landdýrum, byggt á veitingu sjúkdómalausrar stöðu innan stöðva,
 - ii. ákvæðum 2. þáttar V. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum hundaæðisveiru,
 - iii. ákvæðum 3. þáttar V. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum blátunguveiru (sermigerð 1-24),
 - iv. ákvæðum 4. þáttar V. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í lagardýrum og
 - b) á 6 ára fresti eftir upphaflegt samþykki fyrir útrýmingaráætlunum, sem ná yfir næstliðin 6 almanaksár, að undanskildum upplýsingum sem þegar hafa verið lagðar fram í skýrslunum sem um getur í a-lið: upplýsingarnar sem eru tilgreindar í:
 - i. ákvæðum 1. liðar 6. þáttar VI. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* að því er varðar nautgripi í haldi,
 - ii. ákvæðum 2. liðar 6. þáttar VI. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* að því er varðar sauðfé og geitur í haldi,
 - iii. ákvæðum 3. liðar 6. þáttar VI. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. tuberculosis* og *M. caprae*),
 - iv. ákvæðum 8. liðar 6. þáttar VI. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum hundaæðisveiru.
3. Skýrslurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu sendar rafrænt gegnum upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma.

8. gr.

Skýrslugjöf í Sambandinu um lokaniðurstöður úr framkvæmd samþykktra útrýmingaráætlana

1. Aðildarríki skulu leggja lokaskýrslu um samþykktar útrýmingaráætlanir sínar fyrir framkvæmdastjórnina innan 4 mánaða frá því að þeim lýkur.
2. Lokaskýrslan, sem um getur í 1. mgr., skal ná yfir:
 - a) ef um er að ræða skyldubundnar útrýmingaráætlanir: beitingartímabil þessara áætlana frá því að síðasta skýrsla var lögð fram í samræmi við b-lið 2. mgr. 7. gr. og þar til þeim lauk,
 - b) ef um er að ræða valkvæðar útrýmingaráætlanir: allt beitingartímabilið frá samþykki til loka þess.
3. Lokaskýrslan, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda upplýsingarnar sem eru tilgreindar í e- til n-lið 1. mgr. 11. gr. og í 2. mgr. 11. gr., eins og við á, að undanskildum upplýsingum sem þegar hafa verið lagðar fram í skýrslunum sem um getur í 1. mgr. 7. gr. þegar aðildarríki fara fram á:
 - a) viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu eða
 - b) framlengingu beitingartímabils útrýmingaráætlana í samræmi við annan málslið 2. mgr. 15 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 eða annan málslið 2. mgr. 49. gr. þeirrar framseldu reglugerðar.

4. Ef aðildarríki fer ekki fram á viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu með tilliti til sjúkdóms í C-flokki eða framlengingu beitingartímabils útrýmingaráætlana, eins og um getur í a- og b-lið 3. mgr., skal það ekki leggja fram lokaskýrsluna sem um getur í 1. mgr. Þess í stað skal aðildarríkið leggja yfirlýsingu fyrir framkvæmdastjórnina þar sem staðfest er að útrýming sjúkdómsins hafi ekki náðst með útrýmingaráætluninni og að ekki sé farið fram á framlengingu á beitingartímabili hennar.
5. Lokaskýrslan, sem um getur í 1. mgr., skal send rafrænt gegnum upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma.

9. gr.

Framlagning og verulegar breytingar á eftirlitsáætlunum Sambandsins

1. Aðildarríki skulu leggja eigin eftirlitsáætlanir Sambandsins fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. maí á árinu áður en beiting þeirra hefst.
2. Áætlanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu:
 - a) innihalda a.m.k. upplýsingarnar sem eru tilgreindar í 1. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689,
 - b) sendar rafrænt með því að nota stöðluðu rafrænu sniðmátin sem eru látin í té í þessum tilgangi.
3. Litið er svo á að áætlanirnar, sem um getur í 1. mgr., sem voru lagðar fyrir framkvæmdastjórnina sem tæknilegur hluti af umsóknum um fjármögnun Sambandsins séu framlagðar í samræmi við 1. mgr..
4. Ef um er að ræða verulegar breytingar á yfirstandandi eftirlitsáætlunum Sambandsins skulu aðildarríki uppfæra þær og leggja þær fram aftur.

10. gr.

Framlagning útrýmingaráætlana

1. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni rafrænt, með því að nota stöðluðu rafrænu sniðmátin sem eru látin í té í þessu skyni, til samþykkis:
 - a) skyldubundnar útrýmingaráætlanir sínar eigi síðar en 31. maí á árinu áður en beiting þeirra hefst,
 - b) valkvæðar útrýmingaráætlanir sínar hvenær sem er.
2. Útrýmingaráætlanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu innihalda viðeigandi upplýsingar sem mælt er fyrir um í:
 - a) ákvæðum 1. þáttar VII. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í landdýrum, byggt á veitingu sjúkdómalausrar stöðu til stöðva,
 - b) ákvæðum 2. þáttar VII. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum hundaæðisveiru,
 - c) ákvæðum 3. þáttar VII. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum blátunguveiru
 - d) ákvæðum 4. þáttar VII. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í lagardýrum.

11. gr.

Umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu aðildarríkja og svæða að því er varðar sjúkdóma í landdýrum og lagardýrum og sjúkdómalaus stöðu hólfa að því er varðar sjúkdóma í lagardýrum

1. Þegar aðildarríki sækja um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu hjá framkvæmdastjórninni, í samræmi við 1. og 2. þátt 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, skulu þau láta fylgja með í umsóknum sínum viðeigandi upplýsingar sem eru tilgreindar í:
 - a) ákvæðum 1. og 2. þáttar VI. viðauka ef umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu byggist á því að skráðar dýrategundir eru ekki til staðar,
 - b) ákvæðum 1. og 3. þáttar VI. viðauka ef umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu byggist á því að sjúkdómsvaldurinn getur ekki lifað,
 - c) ákvæðum 1. og 4. þáttar VI. viðauka ef umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu byggist á því að skráðar smitferjur fyrir skráða sjúkdóma í landdýrum geta ekki lifað,

- d) ákvæðum 1. og 5. þáttar VI. viðauka ef umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu byggist á sögulegum gögnum og eftirlitsgögnum,
- e) ákvæðum 1. þáttar og 1. liðar 6. þáttar VI. viðauka ef umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu byggist á útrýmingaráætlunum gagnvart sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* að því er varðar nautgripi í haldi,
- f) ákvæðum 1. þáttar og 2. liðar 6. þáttar VI. viðauka ef umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu byggist á útrýmingaráætlunum gagnvart sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* að því er varðar sauðfé og geitur í haldi,
- g) ákvæðum 1. þáttar og 3. liðar 6. þáttar VI. viðauka ef umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu byggist á útrýmingaráætlunum gagnvart sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. tuberculosis* og *M. caprae*),
- h) ákvæðum 1. þáttar og 4. liðar 6. þáttar VI. viðauka ef umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu byggist á útrýmingaráætlunum gagnvart smitandi hvítblæði í nautgripum,
- i) ákvæðum 1. þáttar og 5. liðar 6. þáttar VI. viðauka ef umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu byggist á útrýmingaráætlunum gagnvart smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu,
- j) ákvæðum 1. þáttar og 6. liðar 6. þáttar VI. viðauka ef umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu byggist á útrýmingaráætlunum gagnvart sýkingu af völdum Aujeszzkys-veikiveiru,
- k) ákvæðum 1. þáttar og 7. liðar 6. þáttar VI. viðauka ef umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu byggist á útrýmingaráætlunum gagnvart smitandi slímhúðarpest í nautgripum,
- l) ákvæðum 1. þáttar og 8. liðar 6. þáttar VI. viðauka ef umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu byggist á útrýmingaráætlunum gagnvart sýkingu af völdum hundaæðisveiru,
- m) ákvæðum 1. þáttar og 9. liðar 6. þáttar VI. viðauka ef umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu byggist á útrýmingaráætlunum gagnvart sýkingu af völdum blátunguveiru,
- n) ákvæðum 1. þáttar og, ef við á, 10. liðar 6. þáttar VI. viðauka ef umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu byggist á útrýmingaráætlunum gagnvart sjúkdómum í lagardýrum.

2. Umsóknir um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu hólfa skulu innihalda, til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í n-lið 1. mgr., eftirfarandi upplýsingar:

- a) ef um er að ræða hólf sem um getur í a-lið 2. mgr. 73. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689: gögn sem rökstyðja að farið sé að kröfunum sem kveðið er á um í 3., 4. og 5. mgr. 79. gr. þeirrar framseldu reglugerðar,
- b) ef um er að ræða hólf sem um getur í b-lið 2. mgr. 73. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689: matið sem um getur í a-lið 3. mgr. 73. gr. þeirrar framseldu reglugerðar og nákvæmar upplýsingar um allar ráðstafanir sem voru gerðar til að koma í veg fyrir að viðkomandi sjúkdómur bærst inn í hólfíð eins og um getur í c-lið 3. mgr. 73. gr. þeirrar framseldu reglugerðar.

3. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina tafarlaust um öll staðfest tilvik hlutaðeigandi sjúkdóms sem greinist á viðkomandi yfirráðasvæði eftir framlagningardag umsókna um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu og fyrir dagsetningu viðurkenningar á þeirri stöðu.

4. Umsóknirnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu sendar rafrænt gegnum upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma.

12. gr.

Skipti á upplýsingum um sjúkdómalaus aðildarríki eða svæði og hólf þeirra

1. Taka skal saman skrá yfir yfirráðasvæði, svæði eða hólf með sjúkdómalausri stöðu, eins og um getur í 38. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, með því að nota staðlaða rafræna sniðmátið sem er látið í té á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.

2. Aðildarríki skulu breyta skránni, sem um getur í 1. mgr., innan tveggja virkra daga ef sjúkdómalaus staða yfirráðasvæðis, svæða eða hólfa breytist vegna þess að ekki er farið að kröfum til að viðhalda þeirri stöðu.

3. Aðildarríki skulu gera bráðabirgðayfirlýsingar fyrir svæði eða hólf með tilliti til tiltekinna lagardýrasjúkdóma, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 83. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, með því að nota staðlaða rafræna sniðmátið sem er látið í té á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.

13. gr.

Verklagsreglur fyrir uppsetningu og notkun upplýsingakerfisins um dýrasjúkdóma

Aðildarríki skulu nota upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma eða einhvern hluta þess til gagnaskráningar og -sendingar, í samræmi við þessa reglugerð, frá dagsetningunni sem framkvæmdastjórnin gefur þeim upp.

14. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

SKRÁÐIR SJÚKDÓMAR SEM FALLA UNDIR TILKYNNINGU Í SAMBANDINU

1. Skráðir sjúkdómar í landdýrum sem falla undir tilkynningu í Sambandinu í samræmi við a-lið 1. mgr. 3. gr. og a-lið 2. mgr. 3. gr.

- Gin- og klaufaveiki
- Sýking af völdum nautapestarveiru
- Sýking af völdum sigdalssóttarveiru
- Sýking af völdum húðþrymlaveikiveiru
- Sýking af völdum *Mycoplasma mycoides* undirteg. *mycoides* SC (smitandi lungna- og brjósthimnubólga í nautgripum)
- Fjárnóbólusótt og geitabólusótt
- Sýking af völdum fjárpestarveiru
- Geitakregða
- Afríkuhrossapest
- Sýking af völdum *Burkholderia mallei* (sníf)
- Svínapest
- Afríkusvínapest
- Alvarleg fuglainflúensa
- Sýking af völdum Newcastle-veikiveiru, þó ekki þegar hún greinist í:
 - *Columbiformes* nema þeir séu í haldi sem alifuglar eða
 - villtum dýrum af skráðum tegundum
- Sýking af völdum hundaæðisveiru
- Sýking af völdum EHD-sjúkdómsveiru
- Miltisbrandur
- Súrra (*Trypanosoma evansi*)
- Ebóluveirusjúkdómur
- Smitandi blóðleysi í hestum
- Dúrin
- Venesúelaheilabólga
- Meindýrasmit af völdum *Aethina tumida* (litla býkúpubjallan)
- Meindýrasmit af völdum *Tropilaelaps* spp.
- Sýking af völdum *Batrachochytrium salamandrivorans*
- Japönsk veiruheilabólga
- Vesturníllarsótt
- Heila- og mænubólga í hestum (austur- og vesturstrandar)

2. Skráðir sjúkdómar í lagardýrum sem falla undir tilkynningu í Sambandinu í samræmi við a-lið 1. mgr. 3. gr. og a-lið 2. mgr. 3. gr.

- Blóðmyndandi drep
- Sýking af völdum *Microcytos mackini*
- Sýking af völdum perkinsveikisýkils (*Perkinsus marinus*)
- Sýking af völdum rauðhalaveiru
- Sýking af völdum gulhöfðaveikiveiru

3. **Skráðir sjúkdómar í landdýrum sem falla undir tilkynningu í Sambandinu í samræmi við b-lið 1. mgr. 3. gr. og b-lið 2. mgr. 3. gr.**
 - Sýking af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis*, *B. suis*
 - Sýking af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. caprae* og *M. tuberculosis*)
 - Smitandi nef- og barkabólga í nautgripum/smitandi skeiðarbólga
 - Smitandi slímhúðarpest í nautgripum
 - Smitandi hvítblæði í nautgripum
 - Sýking af völdum Aujeszzkys-veikiveiru
 4. **Skráðir sjúkdómar í landdýrum sem falla undir tilkynningu í Sambandinu í samræmi við c-lið 1. mgr. 3. gr. og c-lið 2. mgr. 3. gr.**
 - Sýking af völdum blátunguveiru (sermigerð 1-24) eftir sermigerð
 - Meindýrasmit af völdum *Varroa* spp.
 - Smitun af völdum *Echinococcus multilocularis*
 5. **Skráðir sjúkdómar í lagardýrum sem falla undir tilkynningu í Sambandinu í samræmi við c-lið 1. mgr. 3. gr. og c-lið 2. mgr. 3. gr.**
 - Veirublæði
 - Iðradrep
 - Sýking af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu
 - Sýking af völdum martelíuveikisýkils (*Marteilia refringens*)
 - Sýking af völdum *Bonamia exitiosa*
 - Sýking af völdum ostruveikisýkils (*Bonamia ostreae*)
 - Sýking af völdum hvítblettaveikiveiru
-

*II. VIÐAUKI***UPPLÝSINGAR SEM SKAL VEITA VEGNA TILKYNNINGAR Í SAMBANDINU UM UPPKOMUR SKRÁÐRA SJÚKDÓMA Í SAMRÆMI VIÐ 3. MGR. 3. GR.**

1. Sendingardagur.
2. Sendingartími.
3. Heiti lands.
4. Sjúkdómsheiti og tegund sjúkdómsvalds ef við á.
5. Raðnúmer uppkomu.
6. Tegund uppkomu (frumuppkoma/síðari uppkoma).
7. Tilvísunarnúmer uppkomu sem þessi uppkoma tengist (eftir atvikum).
8. Svæði og landfræðileg staðsetning uppkomu.
9. Dagurinn þegar grunur um smit vaknar.
10. Staðfestingardagur.
11. Aðferðir sem voru notaðar til sjúkdómsgreininga.
12. Uppruni sjúkdóms.
13. Varnarráðstafanir sem hafa verið gerðar.
14. Dýr sem tengjast uppkomunni.
 - a) Landdýr (eftir tegundum) að undanskildum býflugum og hunangsflugum:
 - i. fjöldi smitnæmra dýra, þ.m.t. villt dýr, eftir atvikum,
 - ii. áætlaður fjöldi klínískt eða forklínískt sýktra eða smitaðra dýra, þ.m.t. villt dýr, eftir atvikum,
 - iii. áætlaður fjöldi dýra sem hafa drepist eða, ef um er að ræða villt dýr, sem hafa fundist dauð,
 - iv. fjöldi dýra sem voru aflífuð,
 - v. fjöldi dýra sem var slátrað.
 - b) Býflugur og hunangsflugur:
 - i. fjöldi smitnæmra sambúa,
 - ii. fjöldi klínískt eða forklínískt sýktra eða smitaðra sambúa,
 - iii. fjöldi dauðra sambúa,
 - iv. fjöldi eyðilagðra sambúa.
 - c) Lagardýr (eftir tegundum):
 - i. áætlaður fjöldi eða lífmassi smitnæmra dýra, þ.m.t. villt dýr, eftir atvikum,
 - ii. áætlaður fjöldi eða lífmassi klínískt eða forklínískt sýktra dýra, þ.m.t. villt dýr, eftir atvikum,
 - iii. áætlaður fjöldi eða lífmassi dýra sem hafa drepist eða, ef um er að ræða villt dýr, sem hafa fundist dauð,
 - iv. áætlaður fjöldi eða lífmassi dýra sem voru aflífuð,
 - v. áætlaður fjöldi eða lífmassi dýra sem var slátrað.
15. Dagsetning bráðabirgðahreinsunar og sóttahreinsunar (eftir atvikum).

*III. VIÐAUKI***UPPLÝSINGAR SEM SKAL VEITA VEGNA SKÝRSLUGJAFAR Í SAMBANDINU UM GREININGU SKRÁÐRA SJÚKDÓMA Í SAMRÆMI VIÐ 3. MGR. 4. GR.**

1. Dagsetning skýrslu.
 2. Skýrslutímabil.
 3. Heiti lands.
 4. Sjúkdómsheiti og tegund sjúkdómsvalds ef við á.
 5. Fjöldi uppkomutilvika eftir skráðum dýrategundum eða hópum dýrategunda á skýrslutímabilinu.
 6. Staðfestingardagur síðustu uppkomu.
-

IV. VIÐAUKI

SVÆÐI Í AÐILDARRÍKJUM AÐ ÞVÍ ER VARÐAR TILKYNNINGU OG SKÝRSLUGJAFASVÆÐI Í SAMRÆMI VIÐ 5. GR.

| Aðildarríki: | Tilkynningar- og skýrslugjafasvæði: |
|---------------------|--|
| Belgía | province – provincie |
| Búlgaría | област |
| Tékkland | okres |
| Danmörk | veterinærenheder eða kommuner |
| Þýskaland | Kreis, Regierungsbezirk eða Bundesland |
| Eistland | maakond |
| Írland | county |
| Grikkland | περιφερειακή ενότητα |
| Spánn | provincia |
| Frakkland | département |
| Króatía | županija |
| Ítalía | provincia |
| Kýpur | επαρχία |
| Lettland | novads |
| Litáen (Lietuva) | apskritis |
| Lúxemborg | Allt landið |
| Ungverjaland | megye |
| Malta | Allt landið |
| Holland (Niðurland) | gemeente |
| Austurríki | Bezirk |
| Pólland | powiat |
| Portúgal | meginland: distrito aðrir hlutar yfirráðasvæðisins: região autónoma |
| Rúmenía | județ |
| Slóvenía | območni urad |
| Slóvakía | kraj |
| Finnland | maakunta/landskap |
| Svíþjóð | kommun |

V. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR UM NIÐURSTÖÐUR ÚR FRAMKVÆMD SKYLDUBUNDINNA OG VALKVÆÐRA ÚTRÝMINGARÁÆTLANA SEM LEGGJA SKAL FRAM Í SAMRÆMI VIÐ A-LIÐ 2. MGR. 7. GR.

1. ÞÁTTUR

Niðurstöður úr útrýmingaráætlunum gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í landdýrum, byggt á veitingu sjúkdómalausrar stöðu innan stöðva

Upplýsingar sem skal veita um útrýmingaráætlanir gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í landdýrum, byggt á veitingu sjúkdómalausrar stöðu innan stöðva:

1. Dagsetning skýrslu.
2. Skýrslutímabil.
3. Heiti lands.
4. Heiti sjúkdóms.
5. Gildissvæði (ef um er að ræða breytingu á gildissvæðinu í samræmi við 4. lið 1. þáttar VII. viðauka).
6. Upplýsingar um viðkomandi stöðvar og dýr sem eru staðsett á yfirráðasvæðinu í samræmi við 5. lið, eftir svæði eða landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
 - a) Fjöldi stöðva sem eru með dýr af markdýrastofni í haldi, að undanskildum stöðvum sem falla undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 ⁽¹⁾ 31. desember.
 - b) Fjöldi dýra af markdýrastofni sem eru í haldi í stöðvum sem um getur í a-lið 31. desember.
 - c) Fjöldi stöðva með sjúkdómalaus stöðu, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi, með bólusetningu eða án bólusetningar, ef við á, af fjölda stöðva, sem um getur í a-lið, 31. desember.
 - d) Fjöldi dýra í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið.
 - e) Fjöldi stöðva með eitt eða fleiri staðfest tilvik af fjölda stöðva, sem um getur í a-lið, 31. desember.
 - f) Fjöldi uppkomutilvika sem eru staðfest á skýrslutímabilinu.

2. ÞÁTTUR

Niðurstöður úr útrýmingaráætlunum gagnvart sýkingu af völdum hundaæðisveiru

Upplýsingar sem skal veita um útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum hundaæðisveiru:

1. Dagsetning skýrslu.
2. Skýrslutímabil.
3. Heiti lands.
4. Gildissvæði (ef um er að ræða breytingu á gildissvæðinu í samræmi við 3. lið 2. þáttar VII. viðauka).
5. Upplýsingar um eftirlit eftir svæði eða landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar, þ.m.t. að minnsta kosti kort með gögnum um:
 - a) fjölda vísbendidýra, sem voru prófuð, eftir tegundum,
 - b) fjölda staðfesta tilvika, eftir tegundum.

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu með tilliti til tiltekinnna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjút. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

6. Upplýsingar um bólusetningu villtra dýra eftir svæði eða landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
- Fjöldi og dagsetningar bólusetningarherferða.
 - Þéttleiki bóluefnabeitu sem næst og, ef heildarstærð bólusetningarsvæðis í hverri bólusetningarherferð er yfir 20 000 km², kort yfir þéttleika bóluefnabeitunnar.
 - Samkvæmt beiðni framkvæmdastjórnarinnar, rafrænar skrár sem innihalda:
 - flugleiðir sem eru skráðar meðan dreifing bóluefnabeitu stendur yfir,
 - dreifingu bóluefnabeitu (tími og staðsetning hvernar beitu sem er losuð) sem er skráð meðan á dreifingu úr lofti stendur ef heildarstærð bólusetningarsvæðis í hverri bólusetningarherferð er yfir 20 000 km².
 - Upplýsingar um vöktun á skilvirkni bólusetningar ásamt kortum með gögnum um:
 - fjölda dýra sem eru jákvæð fyrir lífmerkisprófun/fjölda lífmerkisprófana sem eru framkvæmdar,
 - fjölda dýra sem eru jákvæð fyrir sermiprófun/fjölda sermiprófana sem eru framkvæmdar.

3. ÞÁTTUR

Niðurstöður úr útrýmingaráætlunum gagnvart sýkingu af völdum blátunguveiru

Upplýsingar sem skal veita um útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum blátunguveiru:

- Dagsetning skýrslu.
- Skýrslutímabil.
- Heiti lands.
- Gildissvæði (ef um er að ræða breytingu á gildissvæðinu í samræmi við 3. lið 3. þáttar VII. viðauka).
- Upplýsingar um eftirlit á yfirráðasvæðinu í samræmi við 4. lið, eftir svæði eða landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
 - fjöldi stöðva sem eru með dýr af markdýrastofni í haldi 31. desember,
 - fjöldi dýra af markdýrastofni í haldi í stöðvunum, sem um getur í a-lið, 31. desember,
 - fjöldi stöðva sem eru með dýr af markdýrastofni í haldi þar sem bólusetning gegn sýkingu af völdum blátunguveiru hefur verið framkvæmd og fjöldi dýra sem voru bólusett á skýrslutímabilinu, eftir tegundum og, ef við á, eftir sermigerðum blátunguveirunnar,
 - fjöldi uppkomutílvika eftir sermigerðum blátunguveirunnar sem eru staðfest á skýrslutímabilinu,
 - fjöldi og staðsetning smitferjuvarinna stöðva, þar sem við á,
 - lýsing á svæðum sem eru árstíðabundið laus við blátungu og dagsetningar upphafs og endis smitferjulausa tímabilsins, ef við á.

4. ÞÁTTUR

Niðurstöður úr útrýmingaráætlunum gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í lagardýrum

Upplýsingar sem skal veita um útrýmingaráætlanir gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í lagardýrum:

- Dagsetning skýrslu.
- Skýrslutímabil.
- Heiti lands.
- Heiti sjúkdóms.
- Gildissvæði (ef um er að ræða breytingu á gildissvæðinu í samræmi við 4. lið 4. þáttar VII. viðauka).

6. Upplýsingar um viðkomandi lagareldisstöðvar og dýr, sem eru staðsett á yfirráðasvæðinu sem um getur í 5. lið, eftir hólf, svæði eða landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
- a) fjöldi samþykktra lagareldisstöðva og fjöldi skráðra lagareldisstöðva sem halda dýr af markdýrastofni og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum sem falla undir útrýmingaráætlunina 31. desember,
 - b) fjöldi lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum, af fjölda stöðva eða sýnatökustaða, sem um getur í a-lið, sem eru ekki sýktar/sýktir 31. desember,
 - c) fjöldi sýktra lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum með staðfest tilvik, af fjölda stöðva og sýnatökustaða, sem um getur í a-lið, 31. desember,
 - d) fjöldi nýrra sýktra lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum með staðfest tilvik, af fjölda stöðva og sýnatökustaða, sem um getur í a-lið, 31. desember.
-

VI. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR UM NIÐURSTÖÐUR ÚR FRAMKVÆMD SKYLDUBUNDINNA OG VALKVÆÐRA ÚTRÝMINGARÁÆTLANA SEM LEGGJA SKAL FRAM Í SAMRÆMI VIÐ B-LIÐ 2. MGR. 7. GR. OG UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Í UMSÓKNUM UM VIÐURKENNINGU Á SJÚKDÓMALAUSRI STÖÐU AÐILDARRÍKJA EÐA SVÆÐA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SJÚKDÓMA Í LAND- OG LAGARDÝRUM OG Í UMSÓKNUM UM VIÐURKENNINGU Á SJÚKDÓMALAUSRI STÖÐU HÓLFA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SJÚKDÓMA Í LAGARDÝRUM Í SAMRÆMI VIÐ 11. GR.

1. ÞÁTTUR

Samræmi við almennar viðmiðanir

Almennar upplýsingar sem skulu koma fram í umsóknum um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu:

1. Dagsetning umsóknar.
2. Heiti lands.
3. Heiti sjúkdóms.
4. Gildissvæði að því er varðar viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu.
5. Yfirlýsing sem staðfestir að farið sé að viðeigandi almennum viðmiðunum, í samræmi við a-lið 66. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, fyrir aðildarríki eða svæði eða í samræmi við a-lið 1. mgr. 73. gr. þeirrar framseldu reglugerðar fyrir vatnsræn umhverfishólf.

2. ÞÁTTUR

Sjúkdómalaus staða sem byggist á því að skráðar tegundir eru ekki til staðar

Upplýsingar sem skulu koma fram í umsóknum um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu sem byggist á því að skráðar dýrategundir eru ekki til staðar:

Gögn í samræmi við 2. mgr. 67. gr. eða 2. mgr. 74. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689.

3. ÞÁTTUR

Sjúkdómalaus staða sem byggist á því að sjúkdómsvaldur getur ekki lifað

Upplýsingar sem skulu koma fram í umsóknum um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu sem byggist á því að sjúkdómsvaldur getur ekki lifað:

Gögn í samræmi við 2. mgr. 68. gr. eða 2. mgr. 75. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689.

4. ÞÁTTUR

Sjúkdómalaus staða sem byggist á því að skráðar smitferjur fyrir skráða sjúkdóma í landdýrum geta ekki lifað

Upplýsingar sem skulu koma fram í umsóknum um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu sem byggist á því að skráðar smitferjur fyrir skráða sjúkdóma í landdýrum geta ekki lifað:

Gögn í samræmi við 2. mgr. 69. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689.

5. ÞÁTTUR

Sjúkdómalaus staða byggð á sögulegum gögnum og eftirlitsgögnum

1. Upplýsingar sem lögbært yfirvald skal láta koma fram í umsóknum um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu, byggt á sögulegum gögnum og eftirlitsgögnum, að því tilskildu að aldrei hafi verið tilkynnt um sjúkdóminn á viðkomandi yfirráðasvæði eða að honum hafi verið útrýmt og ekki tilkynnt um hann í a.m.k. 25 ár áður en sótt er um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu á því yfirráðasvæði:

- a) ef farið er fram á viðurkenningu á þeirri stöðu að vera laus við meindýrasmit af völdum *Varroa* spp.:

skrifleg sönnunargögn um að kröfurnar sem settar eru fram í a- til f-lið 1. þáttar III. hluta V. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689 hafi verið uppfylltar,

- b) ef farið er fram á viðurkenningu á þeirri stöðu að vera laus við sýkingu af völdum *Bonamia exitiosa*:
- niðurstöður rannsóknar sem fór fram í a.m.k. eitt ár í öllum stöðvum eða hópum stöðva sem eru með dýr af skráðum tegundum í haldi innan aðildarríkis, svæðis eða hólfis og, ef þess er krafist, á sýnatökustöðum hjá villtum stofnum. Þau verða að hafa verið prófuð með því að nota úrtaksstærð sem gerir það kleift að greina sýkingu af völdum *Bonamia exitiosa* með 95% öryggisstigi ef sjúkdómsvaldurinn er til staðar í stofninum með 2% algengi,
 - ráðstafanir sem beitt er til að koma í veg fyrir að *Bonamia exitiosa* berist inn á viðkomandi yfirráðasvæði,
 - ráðstafanir um sjúkdómavarnir sem gripið er til ef sjúkdómur kemur upp,
- c) ef farið er fram á viðurkenningu á þeirri stöðu að vera laus við sýkingu af völdum hvítblettaveikiveiru:
- niðurstöður rannsóknar sem fór fram í a.m.k. eitt ár í öllum stöðvum eða hópum stöðva sem eru með dýr af skráðum tegundum í haldi innan aðildarríkis, svæðis eða hólfis og, ef þess er krafist, á sýnatökustöðum hjá villtum stofnum. Þau verða að hafa verið prófuð með því að nota úrtaksstærð sem gerir það kleift að greina sýkingu af völdum hvítblettaveikiveiru með 95% öryggisstigi ef sjúkdómsvaldurinn er til staðar í stofninum með 2% algengi,
 - ráðstafanir sem beitt er til að koma í veg fyrir að sýking af völdum hvítblettaveikiveiru berist inn á viðkomandi yfirráðasvæði,
 - ráðstafanir um sjúkdómavarnir sem gripið er til ef sjúkdómur kemur upp.
2. Upplýsingar sem ná yfir a.m.k. 10 næstliðin ár sem eiga að koma fram í umsóknum um viðurkenningu á þeirri stöðu að vera laus við smitandi slímhúðarpest í nautgripum, byggt á sögulegum gögnum og eftirlitsgögnum, þegar tilkynnt hefur verið um sjúkdóminn á næstliðnum 25 árum og honum hefur verið útrýmt á viðkomandi yfirráðasvæði:
- fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi, eftir heilbrigðisástandi ⁽¹⁾, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember á hverju ári,
 - prófunaráætlun/-fyrirkomulag og greiningaraðferðir sem eru notaðar til að ákvarða stöðu stöðvanna, sem eru með nautgripi í haldi, m.t.t. smitandi slímhúðarpestar í nautgripum (sýkt, ekki sýkt),
 - prófunaráætlun/-fyrirkomulag og greiningaraðferðir sem eru notaðar til að sanna að þeirri stöðu stöðva, sem eru með nautgripi í haldi, að vera lausar við sýkingar sé viðhaldið,
 - ráðstafanir sem beitt er til að koma í veg fyrir að smitandi slímhúðarpest í nautgripum berist inn á viðkomandi yfirráðasvæði,
 - ráðstafanir um sjúkdómavarnir sem gripið er til ef sjúkdómur kemur upp,
 - fjöldi uppkoma á ári,
 - fjöldi staðfesta tilvika á næstliðnum 18 mánuðum,
 - bólusetningarsaga og dagsetning þegar bann við bólusetningu gegn smitandi slímhúðarpest í nautgripum í haldi tók gildi.
3. Upplýsingar sem skulu koma fram í umsóknum um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu, byggt á sögulegum gögnum og eftirlitsgögnum, ef farið er fram á viðurkenningu á þeirri stöðu að vera laus við sýkingu af völdum Newcastle-veikiveiru án bólusetningar:

skrifleg sönnunargögn um að kröfurnar sem settar eru fram í a- til e-lið 1. þáttar IV. hluta V. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689 hafi verið uppfylltar.

6. ÞÁTTUR

Sjúkdómalaus staða byggð á útrýmingaráætlunum

Upplýsingar sem skulu koma fram í umsóknum um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu, byggt á útrýmingaráætlunum, eftir almanaksári:

- Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* að því er varðar nautgripi í haldi, eftir svæði eða landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
 - fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi, að undanskildum stöðvum sem falla undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember,

⁽¹⁾ Sýkt, ekki sýkt, óþekkt.

- b) fjöldi stöðva, sem eru með nautgripi í haldi, sem eru með þá stöðu að vera lausar við sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* með bólusetningu eða án bólusetningar, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember,
 - c) fjöldi stöðva, sem eru með nautgripi í haldi, þar sem gerðar eru sermiprófanir á hverju ári til að veita stöðuna eða viðhalda henni og fjöldi nautgripa sem prófun er gerð á,
 - d) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í c-lið,
 - e) fjöldi nautgripa sem komið er með inn í stöð sem um getur í a-lið,
 - f) fjöldi nautgripa sem sermiprófun var gerð á í tengslum við að komið var með þá inn í stöð,
 - g) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í f-lið,
 - h) fjöldi stöðva sem staðfest er að séu sýktar meðal þeirra sem um getur í d- og g-lið,
 - i) fjöldi stöðva þar sem gerð er rannsókn á fanglátum sem geta stafað af sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*,
 - j) fjöldi stöðva sem staðfest er að séu sýktar meðal þeirra sem um getur í i-lið,
 - k) heildarfjöldi stöðva sem staðfest er að séu sýktar ef það er ekki sami fjöldi og gerð er grein fyrir í h- og j-lið,
 - l) dagsetning síðustu bólusetningar nautgripa í haldi gegn sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*,
 - m) fjöldi stöðva sem falla undir undanþágu, í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember.
2. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* að því er varðar sauðfé og geitur í haldi, eftir svæði eða landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
- a) fjöldi stöðva sem eru með sauðfé eða geitur í haldi, að undanskildum stöðvum sem falla undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, og fjöldi sauðfjár eða geita sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember,
 - b) fjöldi stöðva, sem eru með sauðfé eða geitur í haldi, sem eru með þá stöðu að vera lausar við sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* með bólusetningu eða án bólusetningar, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi, og fjöldi sauðfjár eða geita sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember,
 - c) fjöldi stöðva, sem eru með sauðfé eða geitur í haldi, þar sem gerðar eru sermiprófanir á hverju ári til að veita stöðuna eða viðhalda henni og fjöldi sauðfjár eða geita sem prófun var gerð á,
 - d) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í c-lið,
 - e) fjöldi sauðfjár eða geita sem komið er með inn í stöð sem um getur í a-lið,
 - f) fjöldi sauðfjár eða geita sem sermiprófun var gerð á í tengslum við að komið var með þær inn í stöð,
 - g) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í f-lið,
 - h) fjöldi stöðva sem staðfest er að séu sýktar meðal þeirra sem um getur í d- og g-lið,
 - i) fjöldi stöðva þar sem gerð er rannsókn á fanglátum sem geta stafað af sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*,
 - j) fjöldi stöðva sem staðfest er að séu sýktar meðal þeirra sem um getur í i-lið,
 - k) heildarfjöldi stöðva sem staðfest er að séu sýktar ef það er ekki sami fjöldi og gerð er grein fyrir í h- og j-lið,
 - l) dagsetning síðustu bólusetningar sauðfjár eða geita í haldi gegn sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*,
 - m) fjöldi stöðva sem falla undir undanþágu, í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, og fjöldi sauðfjár eða geita sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember.

3. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. tuberculosis* og *M. caprae*), eftir svæði eða landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
- a) fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi, að undanskildum stöðvum sem falla undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember,
 - b) fjöldi stöðva, sem eru með nautgripi í haldi, sem eru með þá stöðu að vera lausar við sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. tuberculosis* og *M. caprae*), þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember,
 - c) fjöldi stöðva, sem eru með nautgripi í haldi, þar sem gerðar eru prófanir yfir árið til að veita stöðuna eða til að viðhalda henni og fjöldi nautgripa sem prófun var gerð á varðandi hvert og eitt eftirfarandi prófunarfyrirkomulag eins og kveðið er á um í 2. þætti 1. kafla II. hluta IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689:
 - i. prófunar er krafist á 12 mánaða fresti,
 - ii. prófunar er krafist á 24 mánaða fresti,
 - iii. prófunar er krafist á 36 mánaða fresti,
 - iv. prófunar er krafist á 48 mánaða fresti,
 - d) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í c-lið,
 - e) fjöldi nautgripa sem komið er með inn í stöð sem um getur í a-lið,
 - f) fjöldi nautgripa sem prófun var gerð á í tengslum við að komið var með þá inn í stöð,
 - g) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í f-lið,
 - h) fjöldi stöðva sem staðfest er að séu sýktar meðal þeirra sem um getur í d- og g-lið,
 - i) fjöldi nautgripa sem var sendur í sláturhús frá stöð sem er með þá stöðu að vera laus við sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. tuberculosis* og *M. caprae*),
 - j) fjöldi nautgripa sem er sláttrað, meðal þeirra sem um getur í i-lið, með vefjaskemmdir sem grunur leikur á um að stafi af sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. tuberculosis* og *M. caprae*) og hafa verið rannsakaðar,
 - k) fjöldi nautgripa, meðal þeirra sem um getur í j-lið, sem staðfest er að séu sýktir,
 - l) heildarfjöldi stöðva sem staðfest er að séu sýktar eftir að vefjaskemmdir, sem grunur leikur á um, koma í ljós á sláturhúsi,
 - m) heildarfjöldi stöðva sem staðfest er að séu sýktar ef það er ekki sami fjöldi og gerð er grein fyrir í h- og l-lið,
 - n) fjöldi stöðva sem falla undir undanþágu, í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember.
4. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart smitandi hvítblæði í nautgripum, eftir svæði eða landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
- a) fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi, að undanskildum stöðvum sem falla undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember,
 - b) fjöldi stöðva sem eru með þá stöðu að vera lausar við smitandi hvítblæði í nautgripum, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember,
 - c) fjöldi stöðva sem hafa hlotið þá stöðu að vera lausar við smitandi hvítblæði í nautgripum og fjöldi nautgripa sem prófanir voru gerðar á í þessum stöðvum,
 - d) fjöldi stöðva þar sem prófanir voru gerðar til að viðhalda þeirri stöðu að vera laus við smitandi hvítblæði í nautgripum og fjöldi nautgripa sem prófun var gerð á í þessum stöðvum,
 - e) fjöldi stöðva sem um getur í c-lið og fjöldi stöðva sem um getur í d-lið þar sem grunur leikur á um eitt eða fleiri tilvik,
 - f) fjöldi stöðva og fjöldi nautgripa, sem um getur í c-lið, þar sem tilvik hafa verið staðfest eftir rannsókn á tilviki eða tilvikum sem grunur lék á um, sem um getur í e-lið,

- g) fjöldi stöðva og fjöldi nautgripa, sem um getur í d-lið, þar sem tilvik hafa verið staðfest eftir rannsókn á tilvikum eða tilvikum sem grunur lék á um, sem um getur í e-lið, þ.m.t. fjöldi staðfesta tilvika,
 - h) fjöldi nautgripa, sem eru eldri en 24 mánaða, sem var slátrað,
 - i) fjöldi tilvika sem grunur leikur á um sem komu í ljós í tengslum við opinbera skoðun eftir aflífun á dýrunum, sem um getur í h-lið, og sem rannsókn var gerð á til að staðfesta eða útiloka að smitandi hvítblæði í nautgripum væri til staðar,
 - j) fjöldi staðfesta tilvika eftir rannsókn, sem um getur í i-lið, á nautgripum sem voru í haldi í stöð,
 - k) fjöldi stöðva með eitt eða fleiri staðfest tilvik 31. desember,
 - l) fjöldi stöðva sem falla undir undanþágu, í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember.
5. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu, eftir svæði eða landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
- a) fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi, að undanskildum stöðvum sem falla undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember,
 - b) fjöldi stöðva sem eru með þá stöðu að vera lausar við nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember,
 - c) fjöldi stöðva sem hafa hlotið þá stöðu að vera lausar við nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu og fjöldi nautgripa sem prófanir voru gerðar á í þessum stöðvum,
 - d) fjöldi stöðva þar sem prófanir voru gerðar til að viðhalda þeirri stöðu að vera lausar við nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu og fjöldi nautgripa sem prófun var gerð á í þessum stöðvum eftir prófunarfyrrirkomulagi sem kveðið er á um í 2. þætti 1. kafla IV. hluta IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689:
 - e) fjöldi stöðva með staðfest tilvik, þ.m.t. fjöldi staðfesta tilvika,
 - f) fjöldi stöðva, sem um getur í a- og b-lið, sem eru með DIVA-bólusetta (DIVA: aðferð til að greina á milli sýkra og bólusettra dýra) nautgripi og fjöldi DIVA-bólusettra nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember,
 - g) fjöldi nautgripa sem voru DIVA-bólusettir á skýrslutímabilinu,
 - h) eftir því sem við á, dagsetning síðustu bólusetningar á nautgripum í haldi gegn nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu,
 - i) fjöldi stöðva sem falla undir undanþágu, í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember.
6. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum Aujeszzkys-veikiveiru, eftir svæði eða landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
- a) fjöldi stöðva sem eru með svín í haldi, að undanskildum stöðvum sem falla undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, og fjöldi svína sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember,
 - b) fjöldi stöðva sem eru með þá stöðu að vera lausar við sýkingu af völdum Aujeszzkys-veikiveiru, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi, og fjöldi svína sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember,
 - c) fjöldi stöðva sem hafa hlotið þá stöðu að vera lausar við sýkingu af völdum Aujeszzkys-veikiveiru og fjöldi svína sem prófanir voru gerðar á í þessum stöðvum,
 - d) fjöldi stöðva þar sem prófanir voru gerðar til að viðhalda þeirri stöðu að vera lausar við sýkingu af völdum Aujeszzkys-veikiveiru og fjöldi svína sem prófanir voru gerðar á í þessum stöðvum
 - e) fjöldi stöðva með klínískar, veirufræðilegar eða sermifræðilegar sannanir um sýkingu af völdum Aujeszzkys-veikiveiru,
 - f) fjöldi stöðva með staðfest tilvik 31. desember,
 - g) fjöldi stöðva, sem um getur í a-lið, sem inna af hendi DIVA-bólusetningar og fjöldi svína sem voru DIVA-bólusett,

- h) eftir því sem við á, dagsetning síðustu bólusetningar á svínum í haldi gegn sýkingu af völdum Aujeszzkys-veikiveiru,
- i) fjöldi stöðva sem falla undir undanþágu, í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, og fjöldi svína sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember.
7. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart smitandi slímhúðarpest í nautgripum, eftir svæði eða landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
- a) fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi, að undanskildum stöðvum sem falla undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember,
- b) fjöldi stöðva sem eru með þá stöðu að vera lausar við smitandi slímhúðarpest í nautgripum, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember,
- c) fjöldi stöðva sem eru með þá stöðu að vera lausar við smitandi slímhúðarpest í nautgripum í samræmi við b-lið 2. liðar 1. þáttar 1. kafla VI. hluta IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689, sem hafa viðhaldið þeirri stöðu að vera lausar við smitandi slímhúðarpest í nautgripum í samræmi við 2. lið 2. þáttar 1. kafla VI. hluta IV. viðauka við þá framseldu reglugerð, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember,
- d) fjöldi stöðva sem hafa hlotið þá stöðu að vera lausar við smitandi slímhúðarpest í nautgripum og fjöldi nautgripa sem prófanir voru gerðar á í þessum stöðvum,
- e) fjöldi stöðva þar sem prófanir voru gerðar til að viðhalda þeirri stöðu að vera lausar við smitandi slímhúðarpest í nautgripum og fjöldi nautgripa sem prófanir voru gerðar á í þessum stöðvum,
- f) fjöldi stöðva með staðfest tilvik 31. desember, þ.m.t. fjöldi staðfesta tilvika,
- g) fjöldi stöðva með staðfest tilvik sem eru faraldsfræðilega tengd aðflutningi dýra,
- h) fjöldi stöðva þar sem nautgripir í haldi eru bólusettir gegn smitandi slímhúðarpest í nautgripum og fjöldi bólusetta dýra,
- i) eftir því sem við á, dagsetning síðustu bólusetningar á nautgripum í haldi gegn smitandi slímhúðarpest í nautgripum,
- j) fjöldi stöðva sem falla undir undanþágu, í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, og fjöldi nautgripa sem eru í haldi í þessum stöðvum 31. desember.
8. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum hundaeðisveiru, eftir svæði eða landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar, upplýsingar um eftirfarandi:
- a) eftirlit, þ.m.t. að minnsta korti kort með gögnum um:
- i. vísbendidýr, sem voru prófuð, eftir tegundum,
- ii. staðfest tilvik eftir tegundum,
- b) bólusetning villtra dýra:
- i. fjöldi og dagsetningar bólusetningarherferða,
- ii. þéttleiki bóluefnabeitu sem næst á hverju svæði eða landsvæði og, ef heildarstærð bólusetningarsvæðis í hverri bólusetningarherferð er yfir 20 000 km², kort yfir þéttleika bóluefnabeitunnar.
- iii. samkvæmt beiðni framkvæmdastjórnarinnar, rafrænar skrár sem innihalda:
- flugleiðir sem eru skráðar meðan dreifing bóluefnabeitu stendur yfir,
- dreifingu bóluefnabeitu: tími og staðsetning hverrar beitu sem er losuð sem er skráð meðan á dreifingu úr lofti stendur ef heildarstærð bólusetningarsvæðis í hverri bólusetningarherferð er yfir 20 000 km²,
- iv. vöktun á skilvirkni bólusetningar ásamt kortum með gögnum um:
- fjölda dýra sem eru jákvæð fyrir lífmerkisprófun/fjölda lífmerkisprófana sem eru framkvæmdar,
- fjölda dýra sem eru jákvæð fyrir sermiprófun/fjölda sermiprófana,
- v. fjöldi og niðurstöður úr prófunum sem gerðar voru á títrum bóluefnabeitunnar,

- c) fjöldi staðfesta tilvika þar sem sýking af völdum hundaeðisveiru átti sér ekki stað á viðkomandi yfirráðasvæði (innflutt tilvik),
 - d) ef faraldsfræðileg tengsl í tilvikum, sem um getur í c-lið, hafa greinst, niðurstöður úr auknu eftirliti sem fór fram næstu 6 mánuðina eftir dauða hlutaðeigandi dýrs, ef við á.
9. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum blátunguveiru:
- a) gildissvæði ásamt korti og lýsingu og afmörkun landfræðilegra svæða og stjórnsýslusvæða, sem falla undir útrýmingaráætlunina, og heiti svæða og landsvæða ef fleiri en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar; ef við á, ástæðurnar fyrir því að undanþágunni er beitt, sem kveðið er á um í 3. mgr. 37 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, og þróun svæðisins meðan áætlunin er í framkvæmd,
 - b) fjöldi stöðva sem eru með dýr af markdýrastofni í haldi 31. desember,
 - c) fjöldi dýra af markdýrastofni í haldi í stöðvunum, sem um getur í b-lið, 31. desember,
 - d) sýnatökuáætlanir sem eru í framkvæmd á hverju ári: kortlagningareining og valviðmiðanir sem beitt er, tíðni prófana, fjöldi prófana, tegund greiningaraðferða og niðurstöður,
 - e) fjöldi staðfesta tilvika eftir svæði, tegundum, ári/mánuðum og sermigerð(um) blátunguveirunnar,
 - f) fjöldi dýra sem eru bólusett eftir ári, tegund og sermigerð(um) blátunguveirunnar,
 - g) undanþágur sem veittar eru vegna tilflutninga, fjöldi dýra sem um er að ræða og, ef við á, aðlögun á eftirlitinu sem beitt er,
 - h) samræmdar ráðstafanir með öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum, ef við á, og aðlögun eftirlitsins að ytri upptökum sýkinga af völdum blátunguveirunnar.
10. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í lagardýrum, eftir svæði, hólfi eða landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæðið:
- a) fjöldi samþykka lagareldisstöðva og, ef við á, fjöldi skráðra lagareldisstöðva, sem halda dýr af markdýrastofni, og sýnatökustaða hjá villtum stofnum sem falla undir útrýmingaráætlunina, sem og kort sem sýna staðsetningu stöðva og sýnatökustaða hjá villtum stofnum 31. desember,
 - b) fjöldi lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum, af fjölda stöðva eða sýnatökustaða, sem um getur í a-lið, sem eru ekki sýktar/sýktir 31. desember,
 - c) fjöldi dýraheilbrigðisheimsókna í hverja samþykka lagareldisstöð og, ef við á, í hverja skráða lagareldisstöð,
 - d) fjöldi sýnataka í hverri samþykktri lagareldisstöð og, ef við á, skráðri lagareldisstöð eða á sýnatökustöðum hjá villtum stofnum, sem og nákvæmar upplýsingar um dýrategundir, niðurstöður úr sýnatöku (jákvæðar/neikvæðar) og vatnshita þegar sýni eru tekin,
 - e) fjöldi sýktra lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum með staðfest tilvik, af fjölda stöðva, sem um getur í a-lið, 31. desember,
 - f) fjöldi nýrra sýktra lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum með staðfest tilvik, af fjölda stöðva, sem um getur í a-lið, 31. desember.
-

VII. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM KRAFIST ER VEGNA FRAMLAGNINGAR Á ÚTRÝMINGARÁÆTLUNUM Í SAMRÆMI VIÐ 10. GR.

1. ÞÁTTUR

Framlagning útrýmingaráætlana gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í landdýrum, byggt á veitingu sjúkdómalausrar stöðu innan stöðva

Upplýsingar sem skulu koma fram í útrýmingaráætlunum gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í landdýrum, byggt á veitingu sjúkdómalausrar stöðu innan stöðva:

1. Dagsetning framlagningar.
2. Heiti lands.
3. Heiti sjúkdóms.
4. Gildissvæði ásamt lýsingu og afmörkun landfræðilegra svæða og stjórnsýslusvæða, sem falla undir útrýmingaráætlunina, og heiti svæða og landsvæða ef fleiri en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar.
5. Lýsing á faraldsfræðilegu ástandi á hverju svæði eða landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
 - a) fjöldi stöðva sem eru með dýr af markdýrastofninum í haldi, eftir heilbrigðisástandi ⁽¹⁾, að undanskildum stöðvum sem falla undir undanþáguna sem um getur í f-lið 6. liðar 31. desember,
 - b) fjöldi dýra af markdýrastofni í haldi í stöðvunum, sem um getur í a-lið, eftir heilbrigðisástandi,
 - c) kort sem sýna þéttleika markdýrastofnsins, sem um getur í b-lið, eftir heilbrigðisástandi,
 - d) tímalína með algengi, gögnum um nýgengi og, ef við á, bólusetningarsögu fyrir a.m.k. næstliðin 5 ár og
 - e) upplýsingar að því er varðar faraldsfræðilegt ástand í aukadýrastofnum, ef við á.
6. Lýsing á sjúkdómsvarnaráætluninni í útrýmingaráætluninni í samræmi við 16. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689, þ.m.t. að minnsta kosti:
 - a) sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir sem á að nota í samræmi við IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689:
 - i. til að veita stöðvum þá stöðu að vera lausar við sjúkdóma og viðhalda þeirri stöðu,
 - ii. til að staðfesta eða útiloka sjúkdóminn í tilvikum þar sem grunur leikur á um smit,
 - b) ráðstafanir um sjúkdómavarnir sem grípa skal til ef um er að ræða staðfest tilvik,
 - c) ráðstafanir varðandi smitvarnir og áhættumildun sem framkvæma skal,
 - d) tegund bóluefnis eða tegundir bóluefna sem á að nota og bólusetningaráætlun, ef við á,
 - e) ráðstafanir sem framkvæma skal að því er varðar viðbótardýrastofna, ef við á,
 - f) undanþágur sem skal beita í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, ef við á,
 - g) samræmdar ráðstafanir með öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum, ef við á.
7. Lýsing á skipulagningu, eftirliti og hlutverkum þeirra aðila sem taka þátt í útrýmingaráætluninni, þ.m.t. að minnsta kosti:
 - a) yfirvöld sem bera ábyrgð á samræmingu og eftirliti með framkvæmd áætlunarinnar,
 - b) ábyrgð allra hagsmunaaðila sem taka þátt.
8. Áætluð tímalengd útrýmingaráætlunar.

⁽¹⁾ Sjúkdómalaus, sýkt eða óþekkt.

9. Millimarkmið útrýmingaráætlunarinnar, þ.m.t. að minnsta kosti:
- árleg fækkun, sem búist er við, á fjölda sýktra stöðva,
 - árleg aukning, sem búist er við, á fjölda sjúkdómalausra stöðva,
 - umfang bólusetningar, sem búist er við, þar sem við á.

2. ÞÁTTUR

Framlagning útrýmingaráætlana gagnvart sýkingu af völdum hundaæðisveiru

Upplýsingar sem skulu koma fram í útrýmingaráætlunum gagnvart sýkingu af völdum hundaæðisveiru:

- Dagsetning framlagningar.
- Heiti lands.
- Gildissvæði ásamt lýsingu og afmörkun landfræðilegra svæða og stjórnsýslusvæða, sem falla undir útrýmingaráætlunina, og heiti svæða og landsvæða ef fleiri en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar.
- Lýsing á faraldsfræðilegu ástandi a.m.k. næstliðin 5 ár, þ.m.t.:
 - fjöldi staðfesta tilvika eftir skráðum tegundum,
 - kort sem sýna dreifingu staðfesta tilvika, sem um getur í a-lið, á ári,
 - sjúkdómsvarnaráætlun og niðurstöður eftirlitsráðstafana.
- Lýsing á sjúkdómsvarnaráætluninni í útrýmingaráætluninni í samræmi við 32. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689:
 - eftirlit, þ.m.t. að minnsta kosti:
 - markdýrastofn,
 - sýnatökuáætlanir og nákvæmar upplýsingar um söfnun dauðra dýra,
 - greiningaraðferðir,
 - ef við á, bólusetning, þ.m.t. að minnsta kosti:
 - bólusetning dýra í haldi innan ramma útrýmingaráætlunar,
 - tegund bóluefnis eða tegundir bóluefna sem á að nota,
 - markstofnar,
 - bólusetning villtra dýra:
 - skilgreining/afmörkun bólusetningarsvæðisins,
 - tíðni og áætlaðar dagsetningar bólusetningaherferða,
 - bóluefnabeita eða -beitur sem á að nota,
 - aðferð við dreifingu bóluefnabeitunnar og ætlaður þéttleiki hennar,
 - lýsing á aðferðum sem á að nota til að meta rétta dreifingu bóluefnabeitunnar,
 - lýsing á áætlun til að vakta skilvirkni bólusetningar að því er varðar sermifræði og upptöku bóluefnabeitunnar hjá markdýrastofnum, sýnatökuáætlanir með nákvæmum upplýsingum um söfnun dauðra dýra og greiningaraðferðir,
 - lýsing á ráðstöfunum til að tryggja að gæðum bóluefnabeitunnar sé viðhaldið áður en henni er dreift, einkum að því er varðar títrun bóluefnabeita og eftirlit með órofinni kælingu,
 - bólusetning flækingshunda með tegund bóluefnis eða tegundum bóluefna sem á að nota og markstofninn,
 - ráðstafanir um sjúkdómavarnir sem grípa skal til ef um er að ræða staðfest tilvik,
 - upplýsingaherferðir til almennings sem koma skal í framkvæmd,

- e) ráðstafanir sem framkvæma skal til að minnka snertingu við sýkt dýr,
 - f) samræmdar ráðstafanir með öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum, ef við á.
6. Lýsing á skipulagningu, eftirliti og hlutverkum þeirra aðila sem taka þátt í útrýmingaráætluninni, þ.m.t. að minnsta kosti:
- a) yfirvöld sem bera ábyrgð á samræmingu og eftirliti með framkvæmd áætlunarinnar,
 - b) ábyrgð allra hagsmunaaðila sem taka þátt.
7. Áætluð tímalengd útrýmingaráætlunar.
8. Millimarkmið útrýmingaráætlunarinnar, þ.m.t. að minnsta kosti:
- a) árleg fækkun, sem búist er við, á fjölda uppkoma sjúkdóms,
 - b) fjöldi staðfestra uppkoma, sem búist er við á svæðum þar sem sjúkdómar komu upp á næstliðnu ári,
 - c) hundraðshluti mótefnavendingar, sem búist er við, í markdýrastofnum,
 - d) hundraðshluti bóluefnisupptöku, sem búist er við, hjá markdýrategundum.

3. ÞÁTTUR

Framlagning útrýmingaráætlana gagnvart sýkingu af völdum blátunguveiru

Upplýsingar sem skulu koma fram í útrýmingaráætlunum gagnvart sýkingu af völdum blátunguveiru:

1. Dagsetning framlagningar.
2. Heiti lands.
3. Gildissvæði ásamt lýsingu og afmörkun landfræðilegra svæða og stjórnsýslusvæða, sem falla undir útrýmingaráætlunina, og heiti svæða og landsvæða ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar og ástæðurnar fyrir því að undanþágunni er beitt, sem kveðið er á um í 3. mgr. 37 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, ef við á.
4. Lýsing á faraldsfræðilegu ástandi á hverju svæði eða landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
 - a) fjöldi stöðva sem eru með dýr af markdýrastofni í haldi 31. desember,
 - b) fjöldi dýra af markdýrastofni í haldi í stöðvunum, sem um getur í a-lið,
 - c) kort sem sýna:
 - i. þéttleika markdýrastofnsins, sem um getur í b- lið, og
 - ii. landfræðilega dreifingu tilvika sýkingar af völdum blátunguveiru eftir sernigerðum fyrir a.m.k. næstliðin 5 ár,
 - d) tímalína með algengi, gögnum um nýgengi og, ef við á, bólusetningarsögu fyrir a.m.k. næstliðin 5 ár,
 - e) niðurstöður úr smitferjuvöktun fyrir a.m.k. næstliðin 5 ár,
 - f) upplýsingar að því er varðar faraldsfræðilegt ástand í aukadýrastofnum, ef við á.
5. Lýsing á sjúkdómsvarnaráætluninni í útrýmingaráætluninni í samræmi við 37. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, þ.m.t. að minnsta kosti:
 - a) nákvæmar upplýsingar um virkt eftirlit sem framkvæma skal, í samræmi við 4. þátt 1. kafla II. hluta V. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689, með eftirfarandi:
 - i. kort sem sýna landfræðilegar einingar,
 - ii. val á sýnatökustöðum, sýnatökuáætlunum og greiningaraðferðum sem eru notaðar til að vakta vísbendidýr,
 - iii. val á sýnatökustöðum, sýnatökuáætlunum og greiningaraðferðum sem eru notaðar við skipulagðar rannsóknir á algengi,
 - b) tegund bóluefnis eða tegundir bóluefna sem á að nota og bólusetningaráætlanir vegna bólusetningar viðkomandi markdýrastofns, ef við á,

- c) verklag og greiningaraðferðir til að staðfesta eða útiloka sjúkdóminn í tilvikum þar sem grunur leikur á um smit
 - d) ráðstafanir um sjúkdómavarnir sem grípa skal til ef um er að ræða staðfest tilvik,
 - e) takmarkanir á tilflutningi sem komið er á vegna tilflutninga á dýrum í haldi og kímefnum,
 - f) ráðstafanir varðandi smitvarnir og áhættumildun sem framkvæma skal,
 - g) nákvæmar upplýsingar um smitferjuvöktun og, ef við á, fastsetning svæða sem eru árstíðabundið laus við blátungu,
 - h) nákvæmar upplýsingar um veitingu þeirrar stöðu til stöðva að vera „smitferjuvarin stöð“, ef við á,
 - i) samræmdar ráðstafanir með öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum, ef við á.
6. Lýsing á skipulagningu, eftirliti og hlutverkum þeirra aðila sem taka þátt í útrýmingaráætluninni, þ.m.t. að minnsta kosti:
- a) yfirvöld sem bera ábyrgð á samræmingu og eftirliti með framkvæmd áætlunarinnar,
 - b) ábyrgð allra hagsmunaaðila sem taka þátt.
7. Áætluð tímalengd útrýmingaráætlunar.
8. Millimarkmið útrýmingaráætlunarinnar, þ.m.t. að minnsta kosti:
- a) árleg fækkun, sem búist er við, á fjölda staðfesta tilvika í markdýrastofninum,
 - b) árleg aukning, sem búist er við, á fjölda sjúkdómalausra landfræðilegra eininga,
 - c) umfang bólusetningar, sem búist er við, þar sem við á.

4. ÞÁTTUR

Framlagning útrýmingaráætlana gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í lagardýrum

Upplýsingar sem skulu koma fram í útrýmingaráætlunum gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í lagardýrum:

1. Dagsetning framlagningar.
2. Heiti lands.
3. Heiti sjúkdóms.
4. Gildissvæði ásamt lýsingu og afmörkun landfræðilegra svæða og stjórnsýslusvæða, sem falla undir útrýmingaráætlunina, og heiti svæða eða hólfa.
5. Lýsing á faraldsfræðilegu ástandi á hverju svæði, í hólfi eða á landsvæði ef fleira en eitt landsvæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
 - a) fjöldi samþykktar lagareldisstöðva og fjöldi skráðra lagareldisstöðva, sem halda dýr af markdýrastofni, eftir tegund framleiðslu og eftir heilbrigðisástandi ^(?) 31. desember,
 - b) skráðar tegundir sem er haldið í lagareldisstöðvunum, sem um getur í a-lið, eftir heilbrigðisástandi,
 - c) kort sem sýna:
 - i. landfræðilega staðsetningu lagareldisstöðvanna, sem um getur í a-lið, og viðkomandi vatnsöflunarsvæði og
 - ii. landfræðilega dreifingu tilvika sýkingar af völdum viðkomandi sjúkdóms í B- eða C-flokki fyrir a.m.k. næstliðin 5 ár,
 - d) upplýsingar að því er varðar faraldsfræðilegt ástand í villtum lagardýrum, ef við á.
6. Lýsing á sjúkdómsvarnaráætluninni í útrýmingaráætluninni í samræmi við 46. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, þ.m.t. að minnsta kosti:
 - a) sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir sem á að nota í samræmi við VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689 að því er varðar:
 - i. heilbrigðisheimsóknir og sýnatöku í lagareldisstöðvum,
 - ii. markvisst eftirlit með villtum stofnum, ef við á,

^(?) Ekki sýkt, sýkt, óþekkt.

- b) ráðstafanir um sjúkdómavarnir sem grípa skal til ef um er að ræða staðfest tilvik,
 - c) ráðstafanir varðandi smitvarnir og áhættumildun sem framkvæma skal,
 - d) bólusetningaráætlanir, ef við á,
 - e) ráðstafanir sem framkvæma skal að því er varðar villt lagardýr og fjöldi og landfræðileg staðsetning sýnatökustaða, ef við á,
 - f) undanþágur sem skal beita í samræmi við 53. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, ef við á,
 - g) samræmdar ráðstafanir með öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum, ef við á.
7. Lýsing á skipulagningu, eftirliti og hlutverkum þeirra aðila sem taka þátt í útrýmingaráætluninni, þ.m.t. að minnsta kosti:
- a) yfirvöld sem bera ábyrgð á samræmingu og eftirliti með framkvæmd áætlunarinnar,
 - b) ábyrgð allra hagsmunaaðila sem taka þátt.
8. Áætluð tímalengd útrýmingaráætlunar.
9. Millimarkmið útrýmingaráætlunarinnar og sjúkdómavarnaráætlanir um framkvæmd hennar, þ.m.t. að minnsta kosti:
- a) árleg fækkun, sem búist er við, á fjölda sýktra lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum,
 - b) árleg aukning, sem búist er við, á fjölda lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum sem voru með neikvæðar niðurstöður,
 - c) umfang bólusetningar, sem búist er við, þar sem við á.
-